

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Landspítala, 15. apríl 2016
Tilv. 40.13

Efni: Tillaga til þingsályktunar um sólarhringsmeðferð í öndunarvél á heimili sjúklinga. Mál nr. 31.

Þökkum tækifærið til að koma á framfæri álit á tillögu um málefni einstaklinga í sólarhrings öndunarvélameðferð á eigin heimili. Þetta er mjög mikilvægt mál og LSH styður efni þingsályktunarinnar.

Í núverandi fyrirkomulagi er aðkoma LSH í uppsetningu meðferðar eftir ástandi og einkennum hvers sjúklings. Öndunarvélameðferð sem styður við öndun sjúklinga með langvinna öndunarbílun er valin eftir að upplýsingar um meðferð hafa verið kynntar sjúklingi og fjölskyldu hans. Eftir að meðferð er hafin tekur við tímabil, ca. 2-3 vikur á LSH, þar til ástand er stöðugt og sjúklingur getur útskrifast. Sá tími hefur verið nýttur til að þjálfa starfsfólk, hjúkrunarfræðinga, ófaglærða sérhæfða starfsmenn, ættingja og vini viðkomandi. Á sama tíma er unnið að því að aðstæður á heimili séu við hæfi. Hafi ekki tekist að sjá til þess að nægileg 24 stunda aðstoð sé veitt, leiðir það til langtímavistunar á Landspítala eða á annarri stofnun. Nú eru tveir einstaklingar með öndunarvél 24 klst í legurými á bráðadeild LSH, þrátt fyrir að vera tilbúnir til heimferðar ef viðunandi þjónusta fengist á heimili þeirra.

Að framansögðu teljum við afar mikilvægt að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

1. Kennsla og þjálfun sérhæfðra ófaglærðra starfsmanna. Ljóst er að kennsla og þjálfun er mikilvæg, hún þarfnast sérhæfðra starfskrafta LSH og fjármagns við gerð kennlugagna. Nauðsynlegt er að skipuleggja þjálfun og kennslu þannig að henni ljúki með viðurkenningu og upptalningu á þeim verkefnum sem viðkomandi sérhæfður ófaglærður starfsmaður tekur að sér. Þættir kennslu og þjálfunar fela í sér bæði samskipti og siðfræði og kennslu í umönnun og á búnað s.s. öndunarvél, hóstavél, samskiptatæki o.fl.
2. Einstaklingar í 24 stunda öndunarvélameðferð geta líka verið börn, sem í sumum tilfellum þurfa þessa þjónustu allt frá fæðingu til 18 ára og nauðsynlegt er að taka tillit til þeirra í skipulagi og ákvörðunum um þjónustu.
3. Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir möguleika á hvíldarinnlögnum og leggur LSH til að skoðað verði að nýta stofnanir s.s. hjúkrunarheimili, þar sem sérstaklega útbúið herbergi við valin hjúkrunarheimili yrðu nýtt með þeim hætti. Þannig mætti nýta bakvaktir og aðra sérhæfða þjónustu s.s. sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og bakvaktir lækna og hjúkrunarfræðinga. Sérhæfðir ófaglærðir starfsmenn myndu þá fylgja viðkomandi einstaklingi í hvíldarinnlögnum til að sinna áfram þörfum sjúklings í daglegu lífi og umönnun.



Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga